

## REGLUR

### um breytingu (26) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 57. gr.:

1. Við niðurlag 1. málslíðar málsgreinarinnar bætist: eða næst þegar almennt próf er haldið í námskeiðinu.
2. Í stað orðsins „málsgreinar“ í lokamálslið málsgreinarinnar kemur: greinar.

#### 2. gr.

Önnur málsgrein 59. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Stúdent á rétt til að fá útskýringar kennara á mati skriflegrar úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan tíu daga frá birtingu einkunnar. Vilji stúdent, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans getur hann snúið sér til viðkomandi deildarforseta innan tveggja vikna frá því að kennari hefur útskýrt úrlausnina fyrir honum. Skal þá prófdómari skipaður í hverju tilviki. Einnig getur kennari eða meirihluti nemenda, telji þeir til þess sérstaka ástæðu, óskað skipunar prófdómara í einstöku prófi. Prófdómari verður þó ekki skipaður, ef meira en sex vikur hafa liðið frá birtingu einkunnar og þar til beiðni um skipunina berst.

#### 3. gr.

Sjötta málsgrein 100. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum eða skólum eða milli aðalgreina í viðskipta- og hagfræðideild. Ekki er hægt að brautskrást með prófgráðu frá deildinni nema viðkomandi hafi lokið minnst 30 einingum innan deildarinnar.

#### 4. gr.

Ákvæði reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og að fengnum tillögum háskóladeilda, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 9. desember 2005.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

*Þórður Kristinsson.*

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2005